

Skýrsla hverfisráðs Hríseyjar á aðalfundi 07. júní 2017

Á 100. fundi hverfisráðs, 25. maí 2016, voru kosin í nýja stjórn hverfisráðs Þorgeir Jónsson, Pétur Ásgeir Steinþórsson og Claudia Werdecker. Smári Thorarensen, Rósamunda Káradóttir og Friðrik Ingimarsson voru kosin sem varamenn. Haldnir voru átta fundir frá síðasta aðalfundi.

Akureyrarbær úthlutaði aftur fjármagn til framkvæmda, og var ákveðið að nota féð til kaupa og uppsetningar leiktækis á hátíðarsvæðinu („aparóla“). Einnig var ákveðið að halda áfram að bæta gönguleiðir í eyjunni. Auk þess á að setja upp skjólvegg við sviðið á hátíðarsvæðinu og setja upp bekki í kringum vatnsþróna. Einnig úthlutaði Akureyrarbær fé til hverfisnefndanna vegna umhverfismála.

Búið er að koma upp aðstöðuhús á Sandinum. Fyrirkomulagið vegna þrifa hefur margoft verið rætt í hverfisráði, og formaður oft látið óánægju sína í ljós, en það virðist loks verið kominn aðili sem er með umsjón um húsið.

Hverfisráð skoðaði deiliskipulag hafnarsvæðis Hríseyjar og kom með tillögur, meðal annars hvað varðar bílastæðamál við ferjuna. Einnig er búið að senda inn ábendingar varðandi tillögu að Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030.

Listaverkið við Austurveg hefur valdið talsverða óánægju meðal íbúa Hríseyjar, þar með talið vegna slyshættu. Búið er að gefa listamanninum frest til að klára listaverkið, ella verði það fjarlægð.

Flokkunarstöðin sem er verið að koma upp hefur einnig verið mikið til umræðu í hverfisráði. Enn er óljóst hvort það eigi að leggja af grenndarstöðvarnar. Telur hverfisráð að það væri afturför að leggja stöðvarnar af, því þá er líklegt að fólk hætti að flokka.

Stefnt er á að hafa hreinsunardag 25. júní 2017.

Eftirfarandi erindi eru enn ókláruð:

Túnin í Hrísey eru ekki hirt. Á að hirða túnin í framtíð?

Það vantar vegrið við Hjallaveg.

Varnargarðurinn er farinn að síga sumsstaðar. Brýn nauðsýn er að bæta garðinn til að koma í veg fyrir tjón.

Enn eru margir íbúar óánægðir með Austurveg. Það þyrfti að koma í gang framkvæmdum.

Slyshætta er við gatnamótin við búðina. Á að setja biðskyldu á Norðurveg?